

MACMILLAN BROWN

Prófessor Macmillan Brown, höfundur bestu framtíðarlýsingarinnar sem til er, skrifar mér frá Nýja Sjálandi, — sem mun vera mesta framfaralandið á jörðu hér, — að hann hafi nú loks komið fram þeirri fyrirætlun sinni, að rannsaka Páskaeyjuna, þar sem eru steinlíkneskin frægu, sem til þessa hafa verið óráðin gáta. Varð hann að fara þangað á herskipi frá Chile, en eyjan liggur undir það ríki. Mánuðum saman kemur ekkert skip þangað til eyjarinnar, og 2000 mílur enskar eru til næsta síma. Prófessor Brown hefir lengi verið að rannsaka eyjar í Kyrrahafinu, og er frægur mjög orðinn fyrir þær rannsóknir — a traveller of worldwide reputation, — eru þau orð, sem ég sá höfð um hann fyrir nokkru. En þó að þessi margfróði maður sé landfræðingur ágætur, þá hygg ég, að hann sé ritsnillingur ennþá meiri, og þeim sem þekkja bók hans Limanora eða Framfaraeyjan (Godfrey Sweven kallar hann sig á þeirri bók), munu þykja það mikil tíðindi, að í þessu bréfi sínu gefur hann von um, að þegar hann hefir lokið landfræðisverki sínu, muni hann aftur snúa sér að því að rita það sem hann kallar imaginative philosophy — skáldskaparkennda heimspeki. Kveðst hann halda, að mikil þörf sé nú á þesskonar ritum. Og í því hefir hinn ágæti snillingur rétt fyrir sér. Það gagn, sem af slíkum ritum hefir hlotist og gæti hafa hlotist, hefir aldrei verið metið til fulls. Og af öllu því, sem í þá átt hefir verið ritað, hygg ég sé langbest það sem er eftir Macmillan Brown.

En þó er það, sem ennþá er meiri þörfin á en skáldskaparkennd heimspeki, jafnvel þó að af bestu tegund sé. En það er sú fræði, sem leiðir í ljós þekkingu, þar sem áður var aðeins ímyndanir og tómfraði (kenologi). — Mjög merkir

menn hafa að vísu haldið því fram, að vísindin geti aldrei orðið nógu víðsýn og djúpsýn til að verða að heimspeki, og muni aldrei ná til þeirra hluta, sem mönnunum er einmitt langmestur hugur á að vita eitthvað um. En þetta er mis-
skilningur, simplicitas dysexelictica. Ráðning gátunnar, eða aðferðin til að fá vissu og vísindi, þar sem menn hugðu að aldrei mundi þekkingar auðið verða, fæst, ef menn skoða nógu vandlega sinn eigin huga, eins og sýnt hefir verið fram á, þannig, að aldrei mun hrakið verða, í bók þeirri er Nýall heitir.

Apríl '23.